

Aðalfundur 2019

Dagsetning 19. september	Tímasetning: 20:00	Staðsetning: Foldaskóli stofa 222	Fundarstjóri: Hrefna Þengisd.	Ritari: Valdís Jónsdóttir
------------------------------------	------------------------------	---	---	-------------------------------------

Efni fundar

- Velja fundastjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði
- Lagabreytingar
- Ársreikningur félagsins
- Kosning í stjórn félagsins, skólaráð og kosning formanns
- Önnur mál

Fundarstjóri: formaður stjórnar, Hrefna Þengilsdóttir

Fundaritari: Valdís Jónsdóttir

Skýrsla stjórnar: Hrefna kynnti skýrslu stjórnar (sjá PPT-glærur). Þar var meðal annars farið yfir verkefni stjórnar á skólaárinu sem var að líða s.s. jólaföndur, páskabingó, hausthátíð og fundi með skólastjóra. Þá var greint frá tilraunaverkefni stjórnar sem var hópefli fyrir 8. bekkina og forráðamenn þeirra. Skoðanakönnun meðal nemenda sýndi að þau nutu þess að taka þátt og vildu gjarnan taka þátt aftur. Skoðanakönnun meðal forráðamanna, bæði þeirra sem tóku þátt og þeirra sem sátu heima, sýndi að vilji foreldra er að foreldrafélagið standi fyrir hópefli á þessu skólaári einnig. Farið var yfir hlutverk bekkjarfulltrúa í grófum dráttum. Meðlimir stjórnar hittust að minnsta kosti 10 sinnum yfir skólaárið.

Skýrsla fulltrúa forelda í skólaráði: Jóhannes kynnti skýrslu fulltrúa forelda í skólaráði. Það hefur gefist vel að hafa hann sem fulltrúa skólaráðs á fundum stjórnar foreldrafélagsins, þannig höfum við getað sameinað krafta okkar og komið verkefnum og málefnum fyrr í farveg. Skólaráðið hefur beitt sér fyrir ýmsu á líðandi skólaári, þá

helst að bæta skólabraginn, gera Foldaskóla að heilsueflandi skóla með metnað. Einnig hefur ófriður í frímútum verið eitt af umræðuefnunum í skólaráði. Talið var að friður væri kominn á þar til annað heyrðist í nokkrum fundargestum.

Lagabreytingar: Engar tillögur að lagabreytingum voru lagðar fram.

Ársreikningur: Sigurlaug H. S. Traustadóttir gjaldkeri kynnti ársreikning foreldrafélagsins sem var samþykktur af fundar meðlimum. Sjá ársreikning í möppu stjórnar.

Stjórn foreldrafélagsins 2019-2020

Félagið óskaði eftir 6 virkum fulltrúum til viðbótar í stjórn foreldrafélagsins í fundarboði sem sent var út 1. september. Aðeins mættu 15 manns á fundinn og af þeim bauð eitt foreldri sig fram til stjórnarsetu.

Fundar meðlimir samþykktu einróma eftirfarandi stjórn fyrir skólaárið 2019 – 2020:

- Hrefna Þengilsdóttir – **Formaður**
- Sigurlaug H. S. Traustadóttir – **Gjaldkeri**
- Valdís Jónsdóttir – **Ritari**
- Hanna Steinunn – **Stjórnar meðlimur**
- Kristín Clausen – **Stjórnar meðlimur (tengiliður bekkjarfulltrúa)**
- Jóhannes H. Steingrímsson – **Stjórnar meðlimur (einnig í skólaráði Foldaskóla)**

Fulltrúar foreldra í skólaráði 2019 - 2020

Aðalmaður: Jóhannes H. Steingrímsson (864-7669 johannes@studia.is)

Varamaður: Kristinn Þorleifsson

Önnur mál

Í fundarboði voru foreldrar beðnir um að senda póst á foreldrafélagið ef þeir vildu ræða ákveðin málefni. Ekkert mál kom inn á borð foreldrafélagsins, en ýmislegt var þó rætt á fundinum.

Talað var um að enn væri ófriður í frímínútum þá sérstaklega frá ákveðnum aðilum í 3. bekk. Stjórnarmeðlimir minntu á að fara ætti með öll vandamál sem þessi til umsjónarkennara til þess að hann geti svo tekið á þessu með tilheyrandi aðilum. Ekki væri ráðlegt að ræða slík málefni inni á Facebook síðum árganga.

Rætt var um hvernig nýta bæri sjóð foreldrafélagsins, þar sem inneign er orðin nokkuð há, þrátt fyrir að síðustu tvö árin hafi kostnaður verið hærri en tekjur. Talað var um að vera með fyrirlesta og þá hugsanlega með Hamra- og/eða Húsaskóla. Kaupa páskaegg nr. 1 fyrir alla krakka sem mæta á páskabingó. Kaupa boxpúða, skólaboli o.fl. Foreldarafélagið mun taka allar þessar hugmyndir til skoðunar á næstu fundum.

Fundið slitið 21:15